

Fundargerð 2003-12 --- 3. október

Dagsetning:

Fri, 03/10/2003

Stjórnarfundur SÍSL

haldinn hjá Skólahljómsveit Kópavogs

föstudaginn 3. október kl. 10,00

Mættir á fund voru Birgir D. Sveinsson, Stefán Ómar Jakobsson og Össur Geirsson

1. **Lúðrasveit Æskunnar.** Farið yfir umsóknir og prufuspil vegna LÆ. Nokkuð barst af umsóknum eftir að umsóknarfrestur rann út og að afloknu prufuspili er sveitin nokkuð vel skipuð. Allir sem mættu í inntökuprófið voru dæmdir hæfir, en þrjú hljóðfæraleikarar voru nokkuð á mörkunum með að komast inn. Eftir nokkrar umræður var ákveðið að taka þessa þrjú inn í sveitina, þar sem þau gætu verið á neðri röddunum á sitt hljóðfæri. Einn mætti ekki í próf og fimm umsækjendur frá Hornafirði verða dæmdir í heimabyggð eftir helgina. Þrjár umsóknir bárust eftir að prufuspil fór fram og verður þeim umsóknum vísað frá í bili, nema ef í ljós kemur að það vanti hljóðfæraleikara á viðkomandi hljóðfæri. Össur mun senda staðfestingu til þeirra sem komust inn með tölvupósti og var einnig rætt um að láta allar upplýsingar til krakkanna í LÆ fara um tölvupóst. Það er því mikilvægt að allir gefi upp virkt netfang svo upplýsingar komist til skila.
2. **Nótnaútgáfan.** Próförk frá prentsmiðjunni að jólalögunum var lögð fram á fundinum. Ákveðið að prenta raddirnar beggja megin á blaðsíður til að spara prentkostnað. Þar sem raddirnar eru hvort sem er hugsaðar til ljósritunar ætti það ekki að koma að sök. Raddskráin verður í gormabók. Verðtilboð hljóðar upp á réttar 100.000 krónur, miðað við að pökkunum sé skilað flokkuðum og í umslögum. Birgir fer strax að loknum fundi í prentsmiðjuna til að útskýra okkar hugmyndir og setja prentun af stað.

Fleira ekki gert og fundi lokið kl. 11:40

Össur Geirsson

ritari.